

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um nýja leikskóla í Ævintýraborgum.

Lagt er til að settir verði á fót nýir leikskólar við Eggertsgötu, Nauthólsveg, Barónsstíg og í Vogabyggð. Leikskólarnir verði svokallaðar Ævintýraborgir í færanlegu húsnæði sem hæfir vel nútíma leikskólastarfi og kröfum um góðan aðbúnað barna og starfsfólks. Leikskólarnir munu geta tekið á móti um 340 börnum samtals og er stefnt að því að þeir opni á tímabilinu nóvember 2021 til mars 2022. Skóla- og frístundasvið hefji formlegan undirbúning að mótun ferla varðandi umsóknir foreldra og innritun barna, ráðningu starfsfólks, kynningarmál og öðru sem tengist opnun leikskólanna.

Greinargerð

Borgarstjórn samþykkti í nóvember 2018 aðgerðaáætlunina Brúum bilið með það að markmiði að fjölga leikskólarýmum í Reykjavík svo bjóða megi börnum borgarinnar í leikskóla þegar 12 mánaða fæðingarorlofi sleppir. Aðgerðaáætlunin felur í sér byggingu nýrra leikskóla, viðbyggingar við starfandi leikskóla eða viðbótar deildir í færanlegu húsnæði og loks er fjölgað rýmum í sjálfstætt reknum leikskólum. Alls var gert ráð fyrir að leikskólarýmum yrði fjölgað um 700-750 á komandi árum, nánar tiltekið fyrir lok árs 2023.

Nú liggur fyrir að leikskólarýmum mun fjölga mun meira m.a. til að mæta fólksfjölgun í borginni og vaxandi þörf ungbarnafjölskyldna. Leikskólum verður fjölgað tvöfalt meira en upphaflega var gert ráð fyrir og munar þar miklu um svokallaðar Ævintýraborgir, þar sem um er að ræða leikskóla í færanlegu húsnæði sem sett verða niður víðs vegar um borgina og er ætlað að mæta hratt og vel þörf foreldra og barna fyrir leikskólarými.

Borgarráð samþykkti 29. apríl 2021 tillögu um fjölgun leikskólaplássa með leigu á færanlegum einingum og voru þá lagðar fram hugmyndir um fimm mögulegar staðsetningar fyrir slíkt leikskólahúsnæði. Á fundi borgarráðs 18. maí 2021 var síðan samþykkt tillaga um að þrjár þessara staðsetningar yrðu settar í forgang, þ.e. Nauthólsvegur 81, Vogabyggð 5 og Eggertsgata 35. Á fundi sínum 9. september 2021 samþykkti síðan borgarráð að setja upp húsnæði fyrir ungbarnaleikskóla á lóð Vörðuskóla við Barónsstíg 34 sem Reykjavíkurborg festi nýlega kaup á.

Með þeirri tillögu sem hér er lögð fram er formlega lagt til að hefja starfsemi leikskóla í Ævintýraborgum á umræddum stöðum og er miðað við að leikskólarnir opni samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun:

Ævintýraborg við Eggertsgötu með rými fyrir a.m.k. 80 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar sem stefnt er að opnun í nóvember 2021.

Ævintýraborg við Nauthólsveg með rými fyrir um 100 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar sem stefnt er að opnun í desember 2021.

Ævintýraborg á lóð Vörðuskóla við Barónsstíg 34 með rými fyrir um 60 börn á aldrinum 12 mánaða til 3 ára, þar sem stefnt er að opnun í febrúar 2022.

Ævintýraborg við Vogabyggð 5 með rými fyrir um 100 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar sem stefnt er að opnun í mars 2022.

Undirbúningur að opnun leikskólanna

Umtalsverð undirbúningsvinna liggur fyrir við stofnun hvers leikskóla og leikskólastjórar eru lykilaðilar í mörgum þeirra verkþátta. Nú þegar hefur verið gengið frá ráðningu og samningum við væntanlega leikskólastjóra þessara leikskóla og þeir hafa hafið undirbúning að skipulagi og innra starfi leikskólanna. Leikskólastjórnir eru þessir: Kristín Petrína Pétursdóttir Ævintýraborg við Eggertsgötu, Óskar Ásgeir Ástþórsson Ævintýraborg við Nauthólsveg, Ragna Kristín Gunnarsdóttir Ævintýraborg í Vogabyggð og Anna B. Blöndal Ævintýraborg við Vörðuskóla en Anna er jafnframt ráðin leikskólastjóri við sambærilegan ungbarnaleikskóla sem fyrirhugaður er í Brítartúni.

Innkaup búnaðar eru þegar vel á veg komin og í undirbúningi er auglýsingaáttak til að vekja athygli á spennandi störfum við þessa nýju leikskóla þ.e. aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og alls annars starfsfólks. Gera má ráð fyrir að fyrstu börn hefji aðlögun u.þ.b. 1-2 vikum eftir afhendingu húsnæðis og upplýsingum um þessa nýju valkosti verður komið á framfæri við foreldra á næstu dögum og vikum með það að markmiði að geta boðið pláss með í það minnsta mánaðar fyrirvara. Opnað hefur verið fyrir umsóknir foreldra fyrir börn sín inn í alla þessa leikskóla.